

Nr. 686

4. ágúst 2009

AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag lóðarinnar Vallholt 19 á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 23. júlí 2009 tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar Vallholt 19 á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:500 þann 13. maí 2009 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá og með 28. maí til og með 25. júní 2009 með athugasemdafresti til og með 9. júlí 2009.

Uppdráttur og greinargerð vegna tillögunnar hafa hlutið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 4. ágúst 2009.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 7. ágúst 2009